

Halló krakkar!

Ég heiti Ýma og ég er tröllastelpa. Vitið þið af hverju ég heiti Ýma? Ég var nefnd eftir frænda mínum, jötninum Ými, sem sumir segja að hafi skapað alheiminn. Einu sinni, fyrir 300 árum þegar engvir bílar voru til, bjó ég í helli hátt uppi á fjöllum. En einn daginn gerðist dálítið skelfilegt. Þið vitið hvernig við tröll erum með ofnæmi fyrir sól og ef við lendum í henni þá breytumst við í stein. Jæja, svoléiðis kom fyrir mig! Ég var svo ofsalega forvitin að sjá mannabörnin leika sér að ég stalst út úr hellinum eina nóttina. Ég hélt að ég hefði nægan tíma um morguninn en áður en ég vissi af þá var sólin komin upp. Mér fannst bara svo gaman að sjá börnin leika sér að ég alveg steingleymdi mér.



Vitið hvernig það er að vera steinn í 300 ár? Ég veit það, en það eina sem ég vil segja er að það er til skemmtilegra líf. Verst var að horfa á allt þetta skemmtilega líf sem var að gerast beint fyrir framan þig, eins og krakkar að leika sér, fara í útilegur og á hestbak, og geta ekki verið með. Púff, það var sko erfiður tími skal ég segja ykkur.

Eina nóttina kom Vaka álfkona og leysti mig úr álögum með því að strá töfradufti yfir



mig. Þegar ég lifnaði aftur við bað hún mig að færa heila álfabyggð því það átti að byggja veg. Ég hélt fyrst að ég þyrfti að hlaupa um allt með fullt af stórum húsum en síðan komst ég að því að álfabyggðin var öll í einum álfasteini. Hann var samt þungur! En vegna þess að ég er svo voðalega sterk tröllastelpa þá gat ég þetta alveg.

Til þess að þakka mér fyrir dreifði Vaka álfkona yfir mig öðruvísi dufti (það var svona gult á meðan hitt var bleikara) og – simsalabimm – ég hef ekki lengur ofnæmi fyrir sólinni. Núna má ég vera úti á daginn eins og ég vil og verð aldrei aftur að steini.

Vaka álfkona er ofsalega góð og ég fæ að búa hjá henni. En ég þarf líka að fara í skólann og í fyrra þurfti ég að læra allar umferðarreglurnar til að komast þangað. Fullt af krökkum hjálpuðu mér og áður en ég vissi af kunni ég að fara yfir gangbrautir, nota endurskinsmerki og bílbelti og kunni sko alveg á græna karlinn og rauða karlinn.

Núna er ég búin að vera í skólanum og þótt það sé gaman að læra þá er líka stundum svolítið erfitt.






Ýma sefur ekki, heldur er hún vakandi. Hún vakti alla nóttina og horfði á sjálfa sig í speglinum. „Hvers vegna er nefið á mér svona stórt?“ hugsaði Ýma með sér. „Það er svona eins og kartafla? Og af hverju er hárið á mér svona ljótt? Það er eins og blaut ull! Æ, af hverju er ég ekki eins og allir aðrir?“




„Hvers vegna má ég ekki bara sofa? Mig langar ekki í skólann!“ segir Ýma og þykist vera sofandi. Vaka álfkona segir henni að hún þurfi að fara í skólann til að læra. Ýmu langar ekki í skólann, en þegar Vaka álfkona spyr hana af hverju hún vilji ekki fara í skólann vill hún ekkert segja.



„Sjáið þið! Rolluhausinn með fjósafýluna er kominn!“ Ýma skilur engan veginn hvers vegna sumir segja svona við hana. Ýmu langar helst að verða bara aftur að steini. „Ýma ýstrubelgur!“ hrópa strákarnir á eftir henni um leið og hún gengur inn.



Það eru komnar frímínútur. Allir krakkarnir eru með boðskort í afmæli Lovísu nema Erla og Ýma. Ýma fer að velta fyrir sér hvort hún þurfi að fara í flottari föt svo að henni verði boðið líka.



Strákarnir taka nestisboxið hennar Ýmu, bara vegna þess að hún er með öðruvísi nesti. „Hvers vegna?“ hugsar Ýma. Á að koma svona fram við aðra? Ýmu líður eins og hún sé bara tíu sentimetra há í staðinn fyrir að vera tröll.



„Ef þig langar aftur í nestið þitt verðurðu að girða niður um Krissa!“ segir Lovísa. Ýmu langar ekkert til að girða niður um Krissa. Hún veit líka að strákarnir hafa oft verið vondir við hann. „En, kannski á ég að gera svona,“ hugsar Ýma með sér.



Ýma verður ofsalega hissa á því að allir hlæja að Krissa þegar hún girðir niður um hann. Ef til vill er hún núna orðin flott eins og Lovísa og strákarnir. Hún hlær meira að segja og bendir á Krissa á meðan hann girðir upp um sig.





„Hvers vegna gerðirðu þetta, Ýma?“ heyrir hvíslað í eyra Ýmu. „Þú veist að það er rangt að láta einhverjum líða illa. Þú átt ekki að láta stjórnast af öðrum.“ Ýma fer strax að hugsa hvað hún hefur gert rangt.



Strákarnir tveir láta hann Krissa ekki í friði og eru alltaf að finna upp á nýjum hrekkjabrögðum. Krissa líður oft mjög illa og honum finnst eins og maginn í sér sé svarthol.



Þó að það sé ekki alltaf verið að stríða einhverjum, heldur látið eins og hann sé ekki til, þá getur það samt verið einelti. Það getur verið alveg jafn sárt að vera alltaf útundan. Hugsaðu um það þegar þú varst steinn og gast ekki hreyft þig, Ýma.


Ef þú sérð einhvern sem líður illa, þá dugir ekki bara að horfa eitthvert annað. Ímyndaðu þér ef þetta væri þú. Okkur er öllum skylt að bregðast við og hjálpa öðrum án þess að þurfa að leika hetju. Við þurfum að láta foreldra okkar og starfsfólkið í skólanum vita þegar við lendum í eða verðum vitni að einelti eða ofbeldi.



Ýma fyllist réttlætiskennd. Vaka álfkona hefur hjálpað Ýmu að byggja upp gott sjálfstraust og að takast á við eineltið. Hún veit að það er ekkert bogið við hana, Krissa eða Erlu. Þó að Ýma sé stór þá er alltaf verið að gera lítið úr henni og Krissa og Erlu. Þetta er bara ofbeldi hjá börnum bæði andlegt, líkamlegt og félagslegt. Ýma ber höfuðið hátt, stendur upprétt og segir við sjálfa sig: „Ég ætla að ganga í það að stöðva eineltið. Það eiga allir rétt á því að líða vel í skólanum til þess að geta lært og þroskast eðlilega. Við eigum bara að fá að vera við sjálf og læra að þekkja okkur sjálf. Ég vil fá að halda áfram að vera ég sjálf.“



Ýma ákveður að segja einhverjum frá og það er eitt það hugrakkasta sem hægt er að gera. Hún gengur til umsjónarkennarans og játar að hún hafi strítt Krissa. Síðan segir hún frá sér og Krissa og Erlu. Að segja frá einelti er ekki að klaga. Það er að bjarga öðrum og það veit Ýma núna. Það á enginn skilið að líða illa vegna eineltis.



Ýma horfir á regnbogann með Krissa og Erlu. Málið er að við krakkarnir lærum hægt og bítandi að við erum öll sérstök, hver á sinn hátt. Og við lærum alltaf meir og meir. Þótt sumir séu öðruvísi eða geri annað en maður sjálfur þá þýðir það ekki að þeir séu eitthvað verri en aðrir. Hún hugsar með sér að fyrst allir litirnir í regnboganum geta verið saman, hvers vegna geta þá ekki allir krakkar verið vinir líka?

Hæ! Þetta er Ýma aftur. Eftir að ég bað Krissa fyrirgefningar komst ég að því að hann er einn besti strákur sem ég þekki. Hann er æðislegur listamaður og teiknaði mynd af mér. Ekki segja neinum, en ég held barasta að ég sé skotin í honum.

Erla er líka alveg frábær, og ég skal segja ykkur það að hún veit magnað mikið! Hún er svo mikill lestrarhestur að hún hreinlega spænir í sig bækur og man ótrúlegustu hluti. Hún sagði mér meira að segja hvers vegna himinninn er blár en það var svo löng skýring að ég gleymdi henni eiginlega strax.


Krakkarnir segja við mig að ég sé alveg rosalega skemmtileg og hress tröllastelpa. Svakalega sterk og liðug. Í staðinn segi ég þeim sögur af álfunum og tröllunum á Íslandi. Nú er svo komið að þau segja að það sé algert ævintýri að þekkjast mig.

Vaka hefur kennt mér margt. Ég elska hana svo mikið. Hún er eins og mamma mín, þó að ég sé miklu miklu stærri en hún. Ég get sagt

henni allt og hún er alltaf að leiðbeina mér og hjálpar mér svo mikið að byggja mig upp. Síðan hjálpa ég Krissa og Erlu að efla sjálfstraustið.



Vaka hefur hjálpað mér að átta mig á ýmsum þáttum í umhverfi mínu og að ég verði að þekkjast sjálfa mig vel og vandlega og læra að elska mig eins og ég er en ekki eins og ég haldi að aðrir vilji hafa mig. Eg hélt til dæmis að stelpurnar vildu bara vera með mér ef ég væri skvísá. Vaka segir að ég verði að skilja sjálfa mig og hvetur mig til að hugsa jákvætt og að ég eigi aldrei að brjóta mig niður í huganum, sama hvað á gengur. Ég ætla líka bara að halda áfram að vera ég sjálf og segja nei ef einhver segir mér að gera eitthvað óæskilegt sem ég kæri mig ekki um, eins og þegar ég girti niður buxurnar á Krissa sem er rangt.



Geturðu teiknað mynd af þér eins og þú ert þegar þér líður vel?